

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur miðvikudaginn 2. desember 2020.

Mál nr. E-6132/2019:

**Flekar byggingafélag ehf.**

(Sverrir Sigurjónsson lögmaður)

**gegn**

**Sætrum ehf.**

(Leó Daðason lögmaður)

**og gagnsök**

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 28. október 2020, höfðaði Flekar byggingafélag ehf., [...], hinn 30. október 2019, á hendur Sætrum ehf., [...], „til greiðslu skuldar“. Stefndi höfðaði mál „til skuldajafnaðar og sjálfstæðs dóms“ með gagnstefnu eins og honum er heimilt samkvæmt 2. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og var hún þingfest 28. nóvember 2019.

Endanlegar dómkröfur stefnanda í aðalsök eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 1.835.617 krónur með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 855.264 krónum frá 7. desember 2018 og af 980.353 krónum frá 5. mars 2019, til greiðsludags.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda í aðalsök, en til vara að kröfur verði lækkaðar.

Í gagnsök krefst gagnstefnandi þess að gagnstefnda verði gert að greiða sér 3.733.288 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 28. nóvember 2019 til greiðsludags.

Gagnstefndi krefst aðallega sýknu af dómkröfum gagnstefnanda en til vara að kröfur verði lækkaðar verulega.

Jafnt í aðalsök sem gagnsök krefjast aðilar málskostnaðar úr hendi hins.

Hér eftirleiðis verður vísað til aðila málsins sem aðalstefnanda og gagnstefnanda, óháð því hvort um ræðir kröfur í aðalsök eða gagnsök. Málið var endurupptekið 25. nóvember sl. á grundvelli 104. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála samkvæmt ákvörðun dómara og dómtekið að nýju þann sama dag.

## I

### Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Aðalstefnandi mun vera félag á sviði byggingariðnaðar sem fæst m.a. við mótaupplátt og steypuvinnu. Gagnstefnandi mun vera félag sem sérhæfir sig í að leigja og reka atvinnuhúsnæði víðs vegar um landið. Forsaga máls þessa er sú að aðalstefnandi sá um

uppslátt og steypuvinnu fyrir stefnda við fasteignina að Hrunamannavegi 3-5 á Flúðum. Af því tilefni gerðu aðilar með sér tvo samninga um verkið. Sá fyrri er dagsettur 11. október 2017. Samkvæmt ákvæðum hans var áætlaður verktími frá 23. október 2017 til 25. júní 2018. Í samningnum kemur m.a. fram að tiltekna verkliði skuli greiða samkvæmt einingarverði og nánar tiltekinni útfærslu í töflu í samningnum. Þá segir að meti verktaki að þörf sé á útfærslu tímavinnu eða að vinnuliður sem framundan sé komi til með að falla undir tímavinnu skuli hann undantekningarlaust tilkynna það til fulltrúa verkkaupa og fá fyrir fram staðfest samþykki fyrir þeirri tímavinnu í formi smáskilaboða eða á annan sambærilegan og rekjanlegan hátt. Í ákvæði um greiðslufyrirkomulag segir að verkkaupi, gagnstefnandi, greiði 4.000.000 króna auk virðisaukaskatts, í byrjun verks, sem síðan skuli endurgreiðast að hálfu eftir uppsteypu 1. hæðar og að fullu að lokinni uppsteypu 2. hæðar. Þá skuli verkkaupi leggja fram greiðslu 15. hvers mánaðar og uppgjör hvers mánaðar síðan gert upp 5. næsta mánaðar. Öll vinna sem unnin sé utan þeirra verkliða sem ekki séu á einingarverðum skuli greiðast af verkkaupa sem tímavinna. Tímagjald fyrir þá vinnu sé 8.500 krónur með virðisaukaskatti. Síðan segir: „Ef til þess kemur að ekki er unnt að útfæra vinnu vegna veðurs, þá mun verkkaupi greiða fyrir þá vinnu sem nemur 5.500 kr. m.vsk.“ Síðan segir í ákvæði um vetraraðstæður að ef „vetrarhörkur verða það miklar að óhagstætt verði fyrir báða aðila að útfæra verkið, þá muni verða litið til þess að stöðva verkið þar til unnt verður að hefja störf á ný. Ef svo fer, mun hvorugur aðili aðili eiga kröfu á hinn, svo fremi að samkomulag náist.“ Í niðurlagi samningsins segir svo að lokum að verði „aðilar ekki sammála um þau ágreiningsmál sem kunna að verða, munu þau verða leyst samkvæmt ÍST 30“.

Síðari samningur aðila er dagsettur 24. október 2018. Samkvæmt ákvæðum hans var áætlaður verktími frá 31. október 2018 til 31. desember 2018. Í sérstöku ákvæði um dagsektir segir að verkkaupi áskilji sér rétt til að leggja á dagsektir sé verki ekki skilað á réttum tíma og skuli þær nema 50.000 krónum á dag. Þó skuli heimilt að að taka tillit til tapaðra daga vegna veðurs. Leggja skuli viðbótardaga við verktímann fari vindhraði „yfir 8 m/sek eða þak er hrímað svo ekki er unnt að halda áfram störfum“. Eins og í fyrri samningi kemur fram í síðari samningi aðila að tiltekna verkliði skuli greiða samkvæmt einingarverði samkvæmt nánar tiltekinni útfærslu í töflu í samningnum. Þá segir að meti verktaki að þörf sé á útfærslu tímavinnu eða að vinnuliður sem framundan sé komi til með að falla undir tímavinnu skuli hann undantekningarlaust tilkynna það til fulltrúa verkkaupa og fá fyrir fram staðfest samþykki fyrir þeirri tímavinnu í formi smáskilaboða eða á annan sambærilegan og rekjanlegan hátt. Í ákvæði um greiðslufyrirkomulag segir að verkkaupi, gagnstefnandi, greiði samkvæmt verkframvindu 15. hvers mánaðar og uppgjör hvers mánaðar sé svo gert upp þann 1. næsta mánaðar. Eindagi reikninga sé sjö dögum síðar og áskilinn er réttur til innheimtu dráttarvaxta eftir eindaga. Þá segir að verkkaupa sé heimilt að halda eftir 5% af verkfjárhæð í allt að fjórar vikur að verktíma

loknum. Öll vinna sem unnin sé utan þeirra verkliða sem ekki séu á einingarverðum muni greiðast af verkkaupa sem tímavinna. Tímagjald fyrir þá vinnu sé 8.500 krónur með virðisaukaskatti. Síðan segir í ákvæði um vetraraðstæður að ef „vetrarhörkur verða það miklar að óhagstætt verði fyrir báða aðila að útfæra verkið, þá muni verða litið til þess að stöðva verkið þar til unnt verður að hefja störf á ný. Ef svo fer, mun hvorugur aðili aðili eiga kröfu á hinn, svo fremi að samkomulag náist.“ Í niðurlagi samningsins segir svo að lokum að verði „aðilar ekki sammála um þau ágreiningsmál sem kunna að verða, munu þau verða leyst samkvæmt ÍST 30“.

Í upphaflegri aðalsök krafði aðalstefnandi gagnstefnanda um greiðslu þriggja reikninga, samtals að fjárhæð 4.090.319 krónur. Var þar um að ræða reikninga nr. 33, 36 og 37. Sá fyrsti þeirra, reikningur nr. 33, er að fjárhæð 855.264 krónur, dags. 30. nóvember 2018 með gjalddaga og eindaga 7. desember 2018. Reikningurinn er ekki sundurliðaður en í dálki sem merktur er „Lýsing“ segir: „Hrunamannavegur 3-5.“ Reikningur nr. 36 er að fjárhæð 2.254.702 krónur, dags. 28. febrúar 2019, með gjalddaga 7. desember 2018 og eindaga 5. mars 2019. Reikningurinn er ekki sundurliðaður en í dálki sem merktur er „Lýsing“ segir: „Hrunamannavegur 3-5 Uppgjör v/uppsláttar.“ Reikningur nr. 37 er að fjárhæð 980.353 krónur, dags. 28. febrúar 2018, með gjalddaga 28. febrúar 2019 og eindaga 5. mars 2019. Reikningurinn er ekki sundurliðaður en í dálki sem merktur er „Lýsing“ segir: „Hrunamannavegur 3-5 Uppgjör v/útistiga.“ Við endurupptöku málsins féll aðalstefnandi frá kröfu sinni vegna reiknings nr. 33.

Eftir því sem fram er komið í málinu mun framvinda verksins, af hálfu verktaka, og greiðslur, af hálfu verkkaupa, hafa gengið nokkuð greiðlega og hnökralaust fyrir sig fram til þess að aðalstefnandi sendi gagnstefnanda reikning nr. 33 sem dagsettur er 30. nóvember 2018, þ.e. síðla árs 2018, en þann reikning mun gagnstefnandi hafa neitað að greiða. Þá mun gagnstefnandi hafa greitt alla reikninga vegna þakvinnu samkvæmt síðari samningi aðila.

Um miðjan nóvember 2018 mun gagnstefnandi hafa leitað til Jóns H. Ásbjörnssonar byggingatæknifræðings um uppmælingu á fasteigninni. Mun hann hafa fengið teikningar af húsinu frá gagnstefnanda og einhverja reikninga og skilagreinar vegna verksins. Í málinu liggur fyrir greinargerð Jóns sem dagsett er 25. mars 2019. Af henni verður ráðið að Jón hafi auk framangreinds tekið til skoðunar önnur atriði er lutu að samningum aðila, þ.e. mögulegar dagsektir vegna þakvinnu samkvæmt síðari samningi aðila, vinnu og kostnað vegna útistiga, og kostnað vegna járnnotta, galla í innvegg á 2. hæð hússins og nýrrar fjarstýringar byggingarkrana. Þá tók hann einnig að því er virðist afstöðu til þess hvenær verklok hafi verið samkvæmt síðari samningi aðila. Leggur hann mat á heildarkröfur gagnstefnanda á hendur aðalstefnanda og telur þær nema 4.173.170 krónum og byggja kröfur gagnstefnanda í málinu á því mati.

Ekki liggur skýrlega fyrir hvernig samskipti þróuðust með aðilum eftir að Jón skilaði niðurstöðum sínum til gagnstefnanda um miðjan febrúar 2019. Einhver samskipti munu hafa verið milli aðalstefnanda og Jóns vegna uppmælinga hans. Í tölvupósti til Jóns 8. febrúar 2019 spyr aðalstefnandi hvernig gangi „með að yfirfara útreikningana mína“. Í svari Jóns kemur fram að hann hafi sent gagnstefnanda „svar fyrir rúmri viku“. Spyr þá aðalstefnandi í pósti stuttu síðar: „Ok, og hver er þín niðurstaða?“ Í svari Jóns segir að best væri „að þú hefðir beint samband við Guðmund“. Aftur spyr aðalstefnandi 18. febrúar 2019: „[h]ver er staðan á yfirferðinni?“ og í svari Jóns segir að málið sé „hjá Guðmundi-Sendi honum svar snemma í síðustu viku“. Aðalstefnandi kveðst aldrei hafa fengið endanlega útreikninga og mælingar Jóns.

Í tölvupósti gagnstefnanda til aðalstefnanda 24. febrúar 2019 segir m.a.: „Gætir þú sent mér sundurliðun á þeim magntölum sem þú telur að ég skuldi þér. Það væri gott að fá frekari skýringar á reikn. nr. 33 (veggja mót 79,94 m<sup>2</sup>).“

Í svarpósti aðalstefnanda 25. febrúar 2019 segir m.a.: „Mánudaginn 28. janúar sendi ég á þig það sem kom út úr mínum útreikningum, yfirlit yfir mótauppstillur og samantekið það magn sem Flekar hafa sent reikninga fyrir ásamt sundurliðun á mínum útreikningum. Ég set samantektina í þetta mail. Þar er það magn sem ég fékk, það magn sem Flekar hafa rukkað og mismunurinn þar á milli, uppsett þannig að einfalt er að sjá muninn á þessu.“ Þá segir varðandi reikning nr. 33 „sem er inni í því magni sem Flekar hafa sent reikninga fyrir, þá er í viðhenginu skjalið með útreikningunum mínum, þar er ég nú búinn að merkja með gulri yfirstríkun það magn sem ég fékk í minni yfirferð yfir mótafermetrana á þeim reikningi. Og er það reyndar meira en rukkað magn. Síðan er til sundurliðunarblað hrúni 20 sem þú fékkst sent 30.11.2018.“ Skorar hann að lokum á gagnstefnanda að greiða reikning nr. 33. Þá segir að hann muni senda „af stað reikninginn fyrir því sem að stendur út af okkar á milli samkvæmt mínum útreikningum, hafi mér ekki borist niðurstöðurnar hans Jóns fyrir kl. 12 í dag. Niðurstöður sem þú fékkst frá honum fyrir um það bil 2 vikum síðan og sagðir mér í símtali síðastliðinn mánudag að þú ætlaðir að yfirfara sjálfur og bera saman við mínar niðurstöður, ætlaðir þér síðustu viku í það, nú er hún liðin.“ Þá segir í niðurlagi tölvupóstsins að „[e]f útreikningar mínir eru enn eitthvað óskýrir og torlesnir þá býð ég ykkur Jóni að koma og hitta mig kl. 9 í fyrramálið á skrifstofu minni að Austurvegi 69 á Selfossi.“ Fyrir liggur í málinu að af þeim fundi varð ekki.

Í tölvupósti til aðalstefnanda 26. febrúar 2019 segir að Jón komi til landsins í næstu viku „og ég hef áhuga á að klára uppgjörið þá“ og í framhaldinu: „Getur þú sent mér reikning fyrir því sem þú telur að ég skuldi þér.“

Í svarpósti aðalstefnanda segir m.a.: „Ég er alltaf tilbúinn að hitta ykkur og útskýra mína útreikninga ef þeir eru eitthvað óljósir en við erum ekki að fara [að] hittast og klára eitthvað uppgjör á meðan ég hef ekki síðustu niðurstöður frá Jóni. Þið hafi fengið

senda alla mína útreikninga og ég er margsinnis búinn að óska eftir niðurstöðunum hans Jóns án árangurs.“

Verklok samkvæmt fyrri samningi, þ.e. uppsteypu, átti að vera lokið 15. júní 2018 en þau voru ekki fyrr en 24. október 2018 samkvæmt gagnstefnanda. Byggir gagnstefnandi á því að aðalstefnandi hafi sent reikninga vegna verksins allt of seint.

Verklok samkvæmt síðari samningi aðila áttu að vera 31. desember 2018. Gagnstefnandi telur verkinu ekki hafa verið lokið fyrr en 22. eða 25. febrúar 2019 er vinnupallar hafi verið teknir niður að kröfu hans. Aðalstefnandi telur á hinn bóginn að verkinu hafi verið lokið 7. eða í síðasta lagi 9. janúar 2019 og þær tafir sem orðið hafi átt sér eðlilegar orsakir vegna veðurfars og atriða er lutu að gagnstefnanda sjálfum. Gagnstefnandi hafi óskað eftir því að vinnupallarnir yrðu ekki teknir niður þar sem hann hafi ætlað að nýta þá áfram við verkið.

Aðalstefnandi sendi gagnstefnanda innheimtubréf vegna reiknings nr. 33, að fjárhæð 878.915 krónur. Fyrir liggur að umkrafðir reikningar hafa ekki verið greiddir en í greinargerð gagnstefnanda viðurkennir hann greiðsluskyldu vegna reiknings nr. 33 og hluta af reikningi nr. 37.

## II

### Málsástæður og lagarök aðalstefnanda

#### Aðalsök:

Aðalstefnandi kveður kröfu sína vegna umkrafinna reikninga vera til komna vegna vinnu hans fyrir stefnda við fasteignina að Hrunamannavegi 3-5 á Flúðum. Reikningarnir byggja á því einingarverði sem fram komi í samningi aðila frá 11. október 2017 vegna uppsteypu. Þeir hafi verið sendir út reglulega á verktímanum og taki mið af áætluðu magni af steypu og fermetrafjölda á hverjum tíma líkt og samningur aðila kveði skýrlega á um.

Þegar aðalstefnandi hafi verið langt kominn með að efna sinn hluta samningsins hafi hann sent gagnstefnanda reikning númer 33. Þá hafi borið svo við að gagnstefnandi hafi talið hann hafa „rukkað of mikið“ fyrir uppsteypuna. Hafi gagnstefnandi látið reikna út það fermetramagn sem steypst hefði verið og fengið til þess Jón H. Ásbjörnsson byggingatæknifræðing. Á grundvelli útreikninga byggingatæknifræðingsins hafi gagnstefnandi svo ekki viljað greiða reikninginn. Aðalstefnandi bendir á að ekki hafi verið haft neitt samráð við hann hvað þessa útreikninga varðaði. Gagnstefnandi hafi ekki viljað sýna honum niðurstöður útreikninga Jóns þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir og beiðnir aðalstefnanda.

Aðalstefnandi kveðst svo í lok verks hafa reiknað út það fermetramagn sem steypst hafði verið líkt og vaninn sé í verkum sem þessum. Hann hafi komist að því að hann hafði vantalið í reikningagerð um 300 fermetra. Í framhaldi af því hafi hann haft samband

við gagnstefnanda og sent honum útreikningana. Þá útreikninga hafi gagnstefnandi sent fyrirnefndum Jóni Ásbjörnssyni. Sá hefði viðurkennt í símtali við fyrirvarsmann aðalstefnanda að hafa gert mistök við útreikninga sína á magntöku á efri hæð hússins. Aðalstefnandi hafi þá óskað eftir því að fá nýjustu útreikninga Jóns en því hafi Jón hafnað og vísað á fyrirvarsmann gagnstefnanda sem þá hafi sagst ekki hafa mótttekið endurútreikningana en beðið aðalstefnanda um að senda reikning fyrir því sem hann teldi vera ógreitt. Aðalstefnandi hafi þá sent gagnstefnanda reikning nr. 36 vegna þeirra fermetra sem vantaldir hefðu verið og ekki hefði áður verið sendur reikningur fyrir. Útreikningar aðalstefnanda hafi verið byggðir á þeim teikningum sem unnið hafi verið eftir og verið samþykktar og stimplaðar af byggingarfulltrúa. Gagnstefnandi hafi þá einnig neitað að greiða þann reikning og byggt neitun sína á sömu rökum og fyrir því að greiða ekki reikning númer 33, þ.e. að aðalstefnandi væri að senda reikninga fyrir fleiri fermetrum en hann hefði unnið. Undir rekstri málsins hefur aðalstefnandi fallið frá kröfu sinni vegna reiknings nr. 36.

Síðasti reikningurinn, þ.e. reikningur númer 37, sé til kominn vegna vinnu aðalstefnanda við útistiga sem steiptir hafi verið við bygginguna. Gagnstefnandi hafi neitað að greiða þann reikning á þeim forsendum að aðalstefnandi hafi ekki unnið þá vinnu við stigagerðina sem hann krefjist nú greiðslu fyrir. Gagnstefnandi hafi hins vegar ekki sýnt fram á hvernig unnt hafi verið að steypa upp stigann hefði aðalstefnandi ekki séð um uppsláttinn við hann. Í áðurnefndum samningi milli aðila sé einingarverð fyrir undirslátt fyrir stigapalla tilgreint og hafi verið miðað við það verð við reikningsgerð. Gagnstefnandi haldi því fram að aðalstefnandi hafi einungis framkvæmt undirslátt fyrir 1,5 fermetra af stiganum, en annar hluti stigans hafi verið steiptur á fyllingu. Hið rétta sé að aðalstefnandi hafi séð um að útbúa öll mót fyrir stigaprepin, en vinna við slík mót sé sambærileg undirslætti. Gagnstefnandi minnst ekkert á það í greinargerð sinni að frekari vinna, en sem nemi þessum 1,5 fermetra undirslætti, hafi verið unnin við stigann. Þá bendir aðalstefnandi á að ekki hafi legið fyrir teikningar af umræddum stigum og hann hafi því þurft að hanna stigann samhliða uppslætti við hann.

#### Gagnsök:

Aðalstefnandi kveðst hafna öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök. Um þær flestar megi segja að þær hafi verið settar fram í tilefni af réttmætum kröfum aðalstefnanda í aðalsök en hafi aldrei áður komið til tals milli aðila á fyrri stigum. Gagnstefnandi haldi því fram í gagnstefnu að þakvinnu, samkvæmt samningi aðila frá 24. október 2018, hafi ekki lokið fyrr en 25. febrúar 2019 þegar aðalstefnandi hafi fjarlæggt vinnupalla sem notaðir voru við verkið. Sannleikurinn sé hins vegar sá að gagnstefnandi hafi beðið hann um að fjarlægja ekki pallana svo hans menn gætu nýtt sér þá við vinnu við þakkant hússins. Vinnupallarnir hafi staðið við húsið í nokkurn tíma eftir að umsömdum verkþætti aðalstefnanda í þágu gagnstefnanda lauk. Það sé ansi langt seilst hjá gagnstefnanda að

halda því fram að brotthvarf þessara vinnupalla hafi falið í sér verklok þar sem í raun hafi verið um liðlegheit og hjálpsemi af hálfu aðalstefnanda að ræða. Í svari aðalstefnanda við kröfu um beitingu dagsekta komi fram ítarleg útlistun á því hvers vegna hún eigi ekki við og vísar aðalstefnandi öllum kröfum gagnstefnanda um tafabætur á bug enda hafi verkinu verið skilað innan þeirra tímamarka sem ákveðin voru í samningi aðila. Þá sé ljóst að veður hafi hamlað lokum verksins og hafi verið sérstaklega kveðið á um slík tilvik í verksamningi aðila.

Auk kröfu um tafabætur geri gagnstefnandi þá kröfu í gagnsök að aðalstefnandi bæti honum kostnað vegna galla sem hafi verið á innvegg á annarri hæð hússins. Aðalstefnandi hafnar því að verk hans sé gallað og að gagnstefnandi geti átt bótakröfu á hann vegna þess. Gagnstefnandi hafi aldrei minnst á þessa meintu galla á verkinu fyrr. Aðalstefnanda hafi aldrei verið gefinn kostur á að skoða vegginn eða sannreyna með einhverjum hætti að galli væri til staðar. Gagnstefnandi hafi hvorki lagt fram sönnun fyrir því að verkið sé gallað né heldur nokkurs konar mat sem sýni umfang hins meinta galla eins og honum beri að gera samkvæmt 32. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Væri um einhvers konar galla á verkinu að ræða ætti aðalstefnandi rétt á því samkvæmt almennum venjum og með vísan 36. gr. áðurnefndra laga að eiga þess kost að bæta úr. Sé ekki veitt tækifæri til slíkra úrbóta missi verkkaupi, gagnstefnandi, allan rétt sinn til bóta.

Aðalstefnandi bendir á að samkvæmt 15. gr., sbr. og 27. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, skuli byggingarstjóri mannvirkis annast innra eftirlit eiganda frá því að byggingarleyfi sé gefið út og þar til lokaúttekt hafi farið fram. Þá skuli hann, samkvæmt 29. gr., hafa virkt eftirlit með verkþáttum byggingar, gera viðkomandi verktaka aðvart ef hann telji ágalla á verki og krefjast úrbóta, sbr. 5. mgr. 29. gr. laganna. Byggingarstjóri hússins sé Guðmundur Kristinsson, eigandi og fyrirsvarsmaður gagnstefnanda, Hann hafi engar athugasemdir gert við framvindu verksins eða krafist úrbóta við skil þess verkþáttar sem aðalstefnandi hafi annast.

Þá hafnar aðalstefnandi kröfu gagnstefnanda hvað varðar járnalagnir. Aðalstefnandi hafi þegar greitt fyrir þær járnalagnir sem tilheyrt hafi verki hans, eins og fram komi í staðfestingu á samkomulagi hans við Hallbertsson ehf. frá 21. janúar 2020. En jafnframt geri aðalstefnandi athugasemdir við þá járnaútreikninga sem gagnstefnandi hafi lagt fram þar sem í hönnunargögnum sé ekki að finna neinar vegggrindur í húsinu af tegundinni/stærðinni K10 c/c200 lárétt og K12 c/c200 heldur séu allar grindur K10c/c200 bæði lárétt og lóðrétt. Þar fyrir utan bendi aðalstefnandi á að það verð sem gagnstefnandi setji fram, þ.e. 150 krónur á kíló án virðisaukaskatts, sé allt of hátt enda eigi það við fullt kílóverð fyrir járn komin í mót og frágengin en ekki fyrir forunnið járn sem eigi eftir að koma fyrir í mótum. Verði komist að þeirri niðurstöðu að hann hafi ekki greitt fyrir járnin, krefjist hann þess að miðað verði við verðið 75 krónur á kíló þar sem

einungis hafi verið um forunnið járn að ræða. Þá krefjist hann þess að miðað verði við rétta útreikninga en ekki ágiskunarútreikninga gagnstefnanda.

Gagnstefnandi gerir einnig í gagnsök kröfu um bætur fyrir kranafjarstýringu í hans eigu sem hann segir aðalstefnanda hafa eyðilagt. Aðalstefnandi kveðst ekki kannast við að þessi fjarstýring hafi brotnað í meðförum starfsmanna hans. Gagnstefnandi hafi enga sönnun lagt fram um tjón á fjarstýringunni eða að slíkt tjón verði rakið til aðalstefnanda. Samkvæmt tölvupóstsamskiptum sem gagnstefnandi leggi fram séu honum boðnir tveir kostir varðandi verð. Gagnstefnandi velji að krefja aðalstefnanda um dýrari kostinn án þess að færa nokkur rök fyrir nauðsyn þess að velja hann.

Aðalstefnandi vísar um lagarök til meginreglu kröfu- og samningaréttar um skuldbindingargildi samninga og réttar efndir fjárskuldbindinga, sem fái m.a. stoð í 45., 47. og 54. gr. laga 50/2000. Þá vísar hann til laga nr. 50/200 um lausafjárkaup og til laganna nr. 160/2010 um mannvirki. Um gjalddaga kröfu hans sé einkum vísað til meginreglu 49. gr. sömu laga. Kröfur um dráttarvexti styður aðalstefnandi við reglur III. og V. kafla laga nr. 38/2001. Krafa um málskostnað styðjist við 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

### III

#### Málsástæður og lagarök gagnstefnanda

##### Aðalsök:

Gagnstefnandi kveðst ekki mótmæla fjárhæð eða greiðsluskyldu hvað varðar reikning nr. 33 að fjárhæð 855.264 krónur. Hann kveðst að mestu leyti mótmæla reikningi nr. 37 en viðurkennir að skulda hluta hans eða 160.283 krónur sem nemi greiðslu fyrir þá vinnu sem stefnandi hafi raunverulega innt af hendi vegna útistiga. Stefndi viðurkenni því að skulda stefnanda 1.015.547 krónur í samræmi við framangreint.

Gagnstefnandi byggir sýknukröfu sína á því að hann eigi gagnkröfur til skuldajafnaðar á móti framangreindum kröfum stefnanda. Kveðst hann eiga rétt á greiðslu úr hendi aðalstefnanda vegna vanefnda hans á verksamningi aðila. Þannig hafi verk aðalstefnanda tafist, innveggur á 2. hæð hússins verið gallaður, aðalstefnandi valdið skemmdum á tækjabúnaði og þá hafi hann þegar greitt fyrir járnalagnir sem aðalstefnandi krefji hann nú um. Samtals nemi þessar kröfur 3.733.288 krónum. Að frádreginni þeirri fjárhæð sem gagnstefnandi hafi viðurkennt greiðsluskyldu á, þ.e. 1.015.547 krónum, nemi krafa gagnstefnanda 2.717.741 krónu.

Gagnstefnandi kveðst mótmæla reikningi nr. 36 á þeim grundvelli að hann sé bæði órökstuddur og styðjist ekki við fullnægjandi gögn hvað varðar magnaukningu enda hafi aðalstefnandi nú fallið frá kröfum vegna hans sem sýni bara hvernig vinnubrögð hans séu í þessu máli.

Gagnstefnandi bendir einnig á að samkvæmt verksamningi aðila frá 11. október 2017 um uppsteypu skuli farið að staðlinum ÍST 30. Í grein 5.1.9 í staðlinum sé mælt svo fyrir að verktaki skuli senda verkkaupa fullnaðarreikning vegna verks innan tveggja mánaða frá því að hann skilar verki í hendur verkkaupa. Á reikningnum skuli meðal annars greina allar kröfur um greiðslur vegna aukaverka og breytinga. Verklök vegna uppsteypu hússins hafi verið í október 2018 og hafi vinna við þakið samkvæmt síðari verksamningi aðila hafist 24. sama mánaðar. Reikningsgerð aðalstefnanda hafi ekki verið í samræmi við þetta ákvæði.

Hvað varði reikning nr. 37, um uppgjör vegna útistiga, þá kveðst gagnstefnandi hafna honum að mestu leyti. Í stefnu sé lítið vikið að þessum reikningi. Gagnstefnandi kveðst telja kröfur vegna hans vera órökstuddar og ekki styðjast við fullnægjandi gögn. Bendir gagnstefnandi á að samkvæmt grein 5.1.11 í ÍST 30 eigi allir reikningar verktaka að vera nægilega sundurliðaðir og studdir fylgiskjölum til þess að unnt sé að sannreyna þá. Engin gögn séu að baki þessum reikningi.

Bent er á af hálfu gagnstefnanda að aðalstefnandi hafi þegar fengið greitt vegna uppsteypu hússins og stigabak á austur- og vesturenda hússins, enda hafi það verið hluti af uppsteypu hússins. Þá hafi aðalstefnandi sömuleiðis verið búinn að fá greitt fyrir fyrri tíma vinnu við stigakanta sem einnig séu hluti af uppsteypu hússins. Verði því ekki annað séð en að aðalstefnandi sé að „tvírukka“ steypuvinnu vegna útistiga hvað varðar stigakant og stigabak með útgáfu framangreinds reiknings. Hvað varði greiðslu fyrir mótavinnu vegna stigaprepa þá liggi fyrir að gagnstefnandi hafi látið framkvæma jarðvegsfyllingu. Hana hafi reyndar í tvígang þurft að lagfæra þar sem stefnandi hafi ekki komið sér að því að setja mót fyrir stigaprep svo unnt væri að steypa þau. Gagnstefnandi hafi svo á endanum sjálfur lagt niður steypuna í þessi prep. Hafi hann mótmælt reikningnum á framangreindum grundvelli en samþykkt að greiða 160.283 krónur vegna undirsláttar undir um 1,5 fermetra í öðrum stiganum og því sé ofrukkað um 820.070 krónur vegna útistiga.

Til vara krefst gagnstefnandi þess að krafa aðalstefnanda verði lækkuð verulega að mati dómsins með hliðsjón af ofangreindum rökum og málsástæðum.

#### Gagnsök:

Gagnstefnandi byggir á því að hann eigi gagnkröfur til skuldajafnaðar við kröfur aðalstefnanda í aðalsök sem nemi samtals 3.733.288 krónum. Þar sem gagnkrafan nemi hærri fjárhæð en þeirri kröfu sem gagnstefnandi viðurkennir að aðalstefnandi eigi rétt á hafi gagnstefnanda verið nauðsynlegt að höfða gagnsök í málinu.

Eins og fram komi í síðari verksamningi aðila um þakvinnu þá skyldi henni vera lokið eigi síðar en 31. desember 2018. Aðalstefnandi hafi ekki lokið við frágang eftir sig og ekki fjarlægt vinnupalla sem hafi verið utan á húsinu og tilheyrðu þakvinnunni fyrr en 25. febrúar 2019. Hafi það orðið til þess að stöðva áframhaldandi vinnu gagnstefnanda

við allan utanhússfrágang á fasteigninni. Samkvæmt ákvæði í verksamningi nemi tafabætur 50.000 krónum á dag. Verkið hafi tafist um samtals 56 daga og geri gagnstefnandi því kröfu um tafabætur að fjárhæð 2.800.000 krónur. Umræddar tafir hafi haft afgerandi áhrif á heildarframvindu verksins og leitt til kostnaðar og tjóns fyrir gagnstefnanda og tafið vinnu hans við frágang á fasteigninni.

Þá krefst gagnstefnandi þess að aðalstefnandi greiði fyrir kostnað við vinnu vegna „afréttingar á steiptum vegg“. Um galla á verkinu sé að ræða. Samkvæmt greinargerð Jóns H. Ásbjörnssonar byggingatæknifræðings um fasteignina, dags. 25. mars 2019, komi fram að innveggur á 2. hæð hússins (íbúð 205) hallist töluvert þar sem mót sprungu út þegar var steipt. Umræddur veggur hafi verið 21,2 fermetrar. Í grein 4.5.3 í ÍST 30, sem hafi verið hluti af samningi aðila, segi að komi fram galli á verki og hann hafi ekki verið lagfærður innan hæfilegs tíma sé verkkaupa heimilt að halda eftir upphæð sem samsvari kostnaði við að lagfæra gallann. Gagnstefnandi telji ljóst að fram hafi komið gallar á verki aðalstefnanda og verkið standist því ekki þær kröfur sem gerðar séu almennt til slíkra verka. Því eigi gagnstefnandi rétt á að aðalstefnandi bæti honum það tjón sem hann hafi orðið fyrir vegna þessa með skaðabótum eða afslætti í samræmi við almennar reglur. Fyrir liggi að Jón H. Ásbjörnsson byggingatæknifræðingur hafi unnið úttekt á verkinu sem staðfesti gallann ásamt ýmsum öðrum kröfum gagnstefnanda á hendur gagnstefnda. Leitað hafi verið tilboðs múrara í viðgerðirnar og nemi það 8.500 krónum á fermetra eða samtals 223.448 krónum með virðisaukaskatti. Gagnstefnandi telji ljóst að gallar séu á verkinu og krefji aðalstefnanda um framangreinda fjárhæð vegna kostnaðar við að bæta úr honum.

Þá krefst gagnstefnandi þess að aðalstefnandi greiði fyrir efniskaup vegna járnalagnar sem gagnstefnandi hefði þegar samið um við annan verktaka og greitt honum fyrir. Um sé að ræða 11 járnammottur. Eftir að aðalstefnandi hafi yfirtekið járnalagnir hafi hann rukkað gagnstefnanda aftur fyrir þær við uppsteypu hússins. Gagnstefnandi telur að hann eigi rétt á endurgreiðslu vegna framangreinds í samræmi við almennar meginreglur kröfuréttar og krefst þess að aðalstefnandi greiði honum 258.540 krónur fyrir járnalagnir í samræmi við útreikning Hauks Ásgeirssonar byggingarverkfræðings.

Í samræmi við ákvæði verksamnings aðila hafi gagnstefnandi lagt til byggingarkrana við uppsteypu hússins. Fjarstýring kranans hafi brotnað í meðförum gagnstefnda á verktímanum. Kostnaður vegna nýrrar fjarstýringar nemi 451.300 krónum. Gagnstefnandi krefst þess að aðalstefnandi greiði honum þennan kostnað.

Framangreindar kröfur gagnstefnanda byggja þannig á tafabótaákvæði samkvæmt verksamningi frá 24. október 2018, tilboði verktaka vegna afréttingar á steiptum vegg, kostnaði vegna járnammotta og kostnaði vegna nýrrar kranafjarstýringar. Dráttarvaxta sé krafist frá þingfestingardegi gagnsakarmáls þessa.

Gagnstefnandi vísar til almennra reglna kröfuréttar, meginreglna kröfu- og samningaréttar um skuldbindingargildi samninga, og um skyldu verktaka til greiðslu skaðabóta og/eða afsláttar vegna vanefnda á samningi. Þá byggir gagnstefnandi að auki á meginreglu kröfuréttarins um skuldajöfnuð. Þá er einnig vísað til laga um lausafjárkaup nr. 50/2000, einkum IV. og V. kafla þeirra laga. Jafnframt er vísað til ÍST 30, sem og verksamninga á milli aðila. Þá er einnig vísað til laga nr. 91/1991, einkum 28. gr. um heimild til höfðunar gagnsakar. Kröfu um málskostnað byggir gagnstefnandi á 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

#### IV

##### Niðurstaða

Aðilar máls þessa gerðu með sér tvo samninga vegna byggingar fasteignar að Hrunamannavegi 3-5 á Flúðum. Hefur efni þeirra verið ítarlega lýst hér framfar. Samkvæmt þeim fyrri, sem dagsettur er 11. október 2017, tók aðalstefnandi, sem verktaki, að sér uppsteypu við fasteignina í þágu gagnstefnanda sem verkkaupa. Samkvæmt honum skyldi gagnstefnandi greiða einingarverð samkvæmt töflu sem fram kemur í samningnum. Sá síðari er dagsettur 24. október 2017 og laut hann að þakvinnu. Áætluð verklok samkvæmt honum voru 31. desember 2018 en aðila greinir á um hvenær verkinu hafi í raun verið lokið. Gagnstefnandi heldur því fram að verkinu hafi ekki lokið fyrr en 25. febrúar 2019 er vinnupallar við húsið hafi verið teknir niður. Aðalstefnandi heldur því aftur á móti fram að verklok hafi orðið 7. janúar 2019, eða í síðasta lagi 9. þess mánaðar, bæði vegna veðurastæðna og vegna ástæðna er vörðuðu gagnstefnanda sjálfan. Þannig hafi gagnstefnandi sjálfur óskað eftir því að pallarnir yrðu ekki teknir niður svo hann gæti nýtt þá við áframhaldandi vinnu við þakið og þá hafi vantað efni til að ljúka verkinu í byrjun janúar. Pallarnir hafi svo verið teknir niður í lok febrúar þegar ósk um það hafi komið frá gagnstefnanda. Þessi tímamörk geti þó á engan hátt markað verklok samkvæmt samningnum.

Málatilbúnaður beggja aðila mætti að ósekju vera skýrari. Tekur dómurinn þó fram að fjalla verði efnislega um kröfur aðila í þeim búngi sem málið er lagt fyrir dóminn og verður hvor aðili um sig að bera hallann af óskýrum málatilbúnaði eftir því sem við á. Dómari taldi rétt að endurupptaka málið eftir dómtöku þess í því skyni að fá frekari skýringar á fyrirbyggjandi gögnum og fleiri atriðum er vörðuðu málatilbúnað aðila. Við endurupptöku málsins féll aðalstefnandi frá kröfu sinni vegna reiknings nr. 36 og lækkaði dómkröfu sína sem nam fjárhæð þess reiknings.

Í niðurlagi beggja samninga aðila er tekið fram að „[v]erði aðilar ekki sammála um þau ágreiningsmál sem kunna að verða, munu þau verða leyst samkvæmt ÍST 30“. Ekki er komið fram með skýrum hætti hvort vilji aðila hafi staðið til þess að þetta ákvæði ætti við um öll samskipti og framkvæmdaratriði samkvæmt samningum aðila eða hvort

Það varðaði einungis úrlausn ágreiningsmála kæmu þau upp. Allt að einu er ljóst af framburði aðila fyrir dóminum að ekki hafi ríkt formfesta um vinnslu verksins. Virðist nokkur losarabragur hafa verið á samskiptum aðila, fyrirmælum og reikningsgerð. Þannig mun gagnstefnandi athugasemdalaust hafa greitt reikninga þrátt fyrir að þeir hafi ekki verið sundurliðaðir og jafnvel án fylgiskjala. Virðast því ákvæði staðalsins lítt hafa verið lögð til grundvallar í lögskiptum aðila. Við úrlausn ágreinings aðila verður því einkum horft til ákvæða samninga aðila og þeirrar venju sem ráðið verður að hafi skapast í samskiptum þeirra. Um þetta vísar dómurinn til sjónarmiða Hæstaréttar sem fram koma í máli nr. 834/2014.

Í aðalsök krefst aðalstefnandi nú greiðslu úr hendi gagnstefnanda á reikningi nr. 33 og 37 og vísar um greiðsluskyldu gagnstefnanda til verksamnings aðila frá 11. október 2017 um uppsteypu hússins en hefur eins og áður er fram komið fallið frá kröfu sinni vegna reiknings nr. 36.

Reikningur nr. 33 er að fjárhæð 855.264 krónur. Hann er dagsettur 30. nóvember 2018 með gjalddaga og eindaga 7. desember 2018. Reikningurinn er ekki sundurliðaður og hann er án fylgiskjala. Um lýsingu verks segir: „Hrunamannavegur 3-5.“ Gagnstefnandi hefur viðurkennt greiðsluskyldu vegna þessa reiknings og hefur ekki sérstaklega mótmælt dráttarvöxtum eða upphafstíma þeirra. Verður því fallist á kröfu aðalstefnanda eins og hún er sett fram í kröfugerð hans eins og nánar greinir í dómsorði.

Reikningur nr. 37 er dagsettur 28. febrúar 2018, með gjalddaga 28. febrúar 2019 og eindaga 5. mars 2019. Enga lýsingu á verkinu er þar að finna aðra en: „Hrunamannavegur 3-5, Uppgjör v/útistiga.“ Þá er reikningurinn ósundurliðaður og án fylgiskjala. Reikningurinn varðar vinnu við útistiga sem aðalstefnandi kveðst hafa unnið við að ósk gagnstefnanda og er að fjárhæð 980.353 krónur með virðisaukaskatti. Fyrirsvarsmaður aðalstefnanda bar fyrir dóminum að vinna við útistiga hefði ekki verið tilgreind á grundvelli einingarverðs í samningi aðila en hún hefði falið í sér umtalsverða vinnu. Í henni hefði falið „uppsláttur á þrepum og járnabinding á stiga og borun og líming á tengijárnum, járn sem var notað í tengijárnin, járn sem voru notuð t.a. halda uppi hitaspíral, vinna við þau járn“. Hann hefði þó notað einingarverð samkvæmt samningnum og miðað við einingarverð vegna undirsláttar undir stiga þrátt fyrir að hann hefði með réttu, eftir á að hyggja, átt að byggja á ákvæði samningsins um verkliði sem ekki væru innifaldir í einingarverði. Í stefnu segir að reikningurinn sé vegna vinnu við að búa til mót fyrir stiga sem sé sambærileg undirslætti og eigi sér stoð í ákvæðum samnings um einingarverð. Gagnstefnandi hefur að hluta viðurkennt greiðsluskyldu samkvæmt reikningi nr. 37. Byggir gagnstefnandi á því að með reikningnum sé aðalstefnandi að krefja um greiðslu sem ekki sé í samræmi við það verk sem hafi verið unnið. Ekki hafi verið um neinn undirslátt að ræða í eiginlegum skilningi. Einungis sé um stigabak að ræða efst í stiganum sem nemi um 1,5 fermetrum en að öðru leyti sé

stiginn steypur á hallandi jarðvegsfyllingu. Aðalstefnandi hafi svo gert þverspýtur sem afmarki þreppin. Annað sé bara inni í öðrum verkliðum samkvæmt samningi aðila sem aðalstefnandi hafi þegar fengið greitt. Hefur gagnstefnandi fallist á að greiða 160.283 krónur vegna vinnu aðalstefnanda að þessu leyti og virðist styðjast þar við niðurstöðu Jóns H. Ásbjörnssonar byggingarverkfræðings, sbr. greinargerð hans frá 25. mars 2019. Fjárhæðin er þó ekki nægilega rökstudd í gögnum málsins. Dómurinn getur þó ekki annað en tekið tillit til þessa hluta kröfunnar sem gagnstefnandi hefur viðurkennt greiðsluskyldu á. Með hliðsjón af framansögðu telur dómurinn ekki með góðu móti unnt að átta sig á því hvernig fjárhæð umrædds reiknings aðalstefnanda er fundin og er sönnunarfærslu hans að þessu leyti ábótavant í málinu. Er því í raun ekki unnt að taka afstöðu til kröfunnar og eftirstöðva hennar, að teknu tilliti til viðurkenningar gagnstefnanda á greiðsluskyldu sinni, í þeim búngi sem málið liggur fyrir dómnum. Er því óhjákvæmilegt að vísa eftirstöðvum kröfu vegna reiknings nr. 37 frá dómnum vegna óskýrleika og vanreifunar.

Samkvæmt öllu framanrituðu er í aðalsök fallist á dómkröfu aðalstefnanda að hluta, þ.e. að fjárhæð 1.015.547 krónur, en að öðru leyti er henni vísað frá dómi hvað varðar hluta reiknings nr. 37. Verður dómkrafa í gagnsök þá tekin til umfjöllunar, en henni er haldið fram til skuldajafnaðar við dómkröfu í aðalsök eða eftir atvikum til sjálfstæðs dóms.

Í gagnsök krefst gagnstefnandi greiðslu úr hendi aðalstefnanda vegna galla sem hann kveður vera á vegg í húsinu, greiðslu tafabóta á grundvelli samnings aðila frá 24. október 2018 auk kostnaðar vegna fjarstýringar sem hafi skemmst í meðförum aðalstefnanda og vegna járnalagna. Aðalstefnandi hefur hafnað greiðsluskyldu þar sem ósannað sé að verkið hafi verið gallað og hann hafi auk þess ekki átt þess kost að bæta úr meintum galla eins og lög geri ráð fyrir, ekki séu tilefni til beitingu dagsekta, hann hafi sannanlega lagt út fyrir járnalögnum og þá sé tjón vegna kranafjarstýringar ósannað og sér algerlega óviðkomandi.

Hvað varðar galla á vegg tekur dómurinn fram að gagnstefnandi hefur ekki leitast við að færa sönnur á meintan galla eða umfang tjóns síns eftir ákvæðum laga nr. 91/1991. Byggir hann þess í stað á niðurstöðu Jóns H. Ásbjörnssonar byggingatæknifræðings og óljósu verðtilboði múrara um afréttingu á steiptum vegg. Gegn mótmælum aðalstefnanda koma niðurstöður Jóns ekki til neinna álita í málinu enda hefur hann ekki verið dómkvaddur til starfans. Var hann þó leiddur fyrir dóminn af hálfu gagnstefnanda eins og um matsmann væri að ræða. Þá er ósannað, gegn mótmælum aðalstefnanda, að hann hafi verið upplýstur um gallann eða fengið tækifæri til að bæta úr samkvæmt ákvæðum laga nr. 50/2000, eins og telja verður eðlilegt í ljósi samningssambands aðila. Í ljósi framangreinds hefur gagnstefnandi ekki fært sönnur á kröfu sína að þessu leyti. Verður aðalstefnandi því sýknaður af þessum lið í gagnsök.

Hið sama verður sagt um tjón vegna kranafjarstýringar en engin sönnunarfærsla hefur farið fram af hálfu gagnstefnanda vegna þessa þáttar málsins. Þegar af þeirri ástæðu verður aðalstefnandi einnig sýknaður af þessum lið í gagnsök.

Hvað varðar kröfu í gagnsök um tafabætur tekur dómurinn fram að aðalstefnandi hefur byggt á því að vinnupallar hafi ekki verið teknir niður vegna beiðni gagnstefnanda um að þeir stæðu áfram vegna vinnu við þakkant hússins. Þetta fær stoð í framburði vitnisins Kristbjörns Sævarssonar verktaka sem vann við þakið. Verður við það að miða að verkinu hafi verið lokið 9. janúar 2019 eins og aðalstefnandi hefur lýst en pallarnir þá ekki verið teknir niður vegna beiðni gagnstefnanda um að þeir stæðu áfram. Þeir hafi svo verið fjarlægðir 25. febrúar 2019 að beiðni gagnstefnanda. Ekki kemur skýrt fram í gögnum málsins hvenær krafa um dagsektir komi fram af hálfu gagnstefnanda. Þá tekur dómurinn fram að samkvæmt gögnum málsins virðist gagnstefnandi hafa greitt a.m.k. einn reikning vegna þakvinnu, jafnvel fleiri, eftir að verkinu seinkaði að hans mati en krafa hans um dagsektir virðist ekki hafa verið sett fram fyrr en, að því er virðist, í mars 2019. Þetta liggur þó ekki skýrlega fyrir þar sem gagnstefnandi hefur ekki lagt fram nein gögn hvað þennan þátt kröfu sinnar varðar. Þá liggur einnig fyrir að gagnstefnandi hélt ekki eftir tryggingu eins og honum var heimilt og aðalstefnandi kveðst hafa bent honum á. Samkvæmt ákvæði í samningi aðila var gert ráð fyrir að ef þak væri hrímað eða vindhraði færi yfir 8 m/s yrði ekki unnið við þakið. Aðalstefnandi hefur lagt fram gögn sem staðfesta og styðja þetta. Á gagnstefnandi því ekki rétt til tafabóta á tímabilinu frá 31. desember 2018 og þar til verkinu lauk 9. janúar 2019. Með hliðsjón af öllu framangreindu verður aðalstefnandi sýknaður af þessum lið í gagnsök.

Í gagnsök byggir gagnstefnandi á því að aðalstefnandi hafi krafið hann um greiðslu vegna járnamotta sem hann hefði þegar verið búinn að greiða öðrum verktaka. Aðalstefnandi hefur hafnað kröfu gagnstefnanda að þessu leyti og kveður ljóst að gagnstefnanda beri að standa honum skil á greiðslu vegna járnamotta en ekki öfugt. Fyrir liggur að aðalstefnandi tók yfir verk annars verktaka sem unnið hafði við járnalagnir fyrir gagnstefnanda í húsinu. Í skýrslu verktakans, Ármanns Guðbrands Ármannssonar, fyrir dóminum kom skýrt fram að gagnstefnandi hefði ekki verið búinn að greiða fyrir þá járnalögn sem aðalstefnandi hafi yfirtekið og að greiðslur vegna þessa hefðu því ekki verið inni í uppgjöri hans við gagnstefnanda. Staðfesti hann að gert hefði verið samkomulag við aðalstefnanda um kaup á járnagrindum. Gagnstefnandi hefði verið búinn að greiða fyrir „járn í kjallara og í hálfu plötuna“ og það sem eftir stóð hefðu verið grindur sem tilheyrðu verki aðalstefnanda. Sjónarmið aðalstefnanda fá því stoð í þessum framburði vitnisins og auk þess er staðfesting á umræddu samkomulagi verktakans og aðalstefnanda meðal gagna málsins. Verður því að telja ósannað að gagnstefnandi hafi þegar verið búinn að greiða fyrir sömu járnalagnir til fyrri verktaka. Bendir dómurinn á að sönnunarfærslu gagnstefnanda að þessu leyti er ábótavant og í raun erfitt að átta sig á

hvað gagnstefnandi er að krefja aðalstefnanda um í þessum þætti gagnsakarinnar. Eru framlagðir reikningar sem gagnstefnandi mun hafa greitt verktakanum ekki til neinnar skýringar á kröfu gagnstefnanda gagnvart aðalstefnanda. Verður aðalstefnandi því sýknaður af þessum lið í gagnsök.

Samkvæmt öllu framanrituðu er niðurstaða máls þessa sú að í aðalsök verður gagnstefnanda gert að greiða aðalstefnanda samtals 1.015.547 krónur vegna reiknings nr. 33 og reiknings nr. 37 að hluta í samræmi við viðurkenningu gagnstefnanda á greiðsluskyldu sinni. Aðalstefnandi krefst dráttarvaxta frá tilgreindum eindaga á þeim reikningum sem kröfur hans byggja á. Gagnstefnandi hefur ekki mótmælt dráttarvaxtakröfu sérstaklega sem slíkri eða upphafstíma dráttarvaxta. Verður fallist á kröfu aðalstefnanda samkvæmt því sem áður segir og miðað við framsetningu dráttarvaxtakröfu hans. Verður framangreind fjárhæð vegna reiknings nr. 33 og hluta af reikningi nr. 37 því dæmd aðalstefnanda með dráttarvöxtum eins og nánar greinir í dómsorði. Kröfu í aðalsök vegna eftirstöðva reiknings nr. 37 er vísað frá dóminum vegna óskýrs málatilbúnaðar aðalstefnanda hvað hann varðar. Að lokum verður aðalstefnandi sýknaður af kröfum gagnstefnanda í gagnsök. Vegna úrslita málsins koma sjónarmið gagnstefnanda um lækkun krafna í aðalsök og krafa aðalstefnanda um lækkun krafna í gagnsök eðlilega ekki til neinnar umfjöllunar af hálfu dómsins.

Þegar litið er til málatilbúnaðar aðila og úrslita málsins í aðalsök og gagnsök þykir rétt, með vísan til ákvæða 130. gr. laga nr. 91/1991, að fella niður málskostnað milli aðila.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 2. febrúar 2020. Af hálfu aðalstefnanda flutti málið, Sverrir Sigurjónsson lögmaður og af hálfu gagnstefnanda, Leó Daðason lögmaður.

### **Dómsorð:**

Í aðalsök greiði gagnstefnandi, Sætrar ehf., aðalstefnanda, Flekum byggingafélagi ehf., 1.015.547 krónur með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 855.264 krónum frá 7. desember 2018 og af 160.283 krónum frá 5. mars 2019, til greiðsludags. Kröfu í aðalsök vegna eftirstöðva reiknings nr. 37, að fjárhæð 820.070 krónur, er að öðru leyti vísað frá dómi.

Aðalstefnandi er sýknaður af kröfum gagnstefnanda í gagnsök.

Málskostnaður fellur niður bæði í aðalsök og gagnsök.

Hólmfríður Grímsdóttir (sign.)

-----  
Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómur Reykjavíkur 2.12.2020